



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Mosfellsbæjar  
Regína Ásvaldsdóttir  
Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbæ

Kópavogur, 17. janúar 2023.  
Málsnr. 2003010  
PBG/HH

**Efni: Samgöngusáttmálinn – sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf.**

Á 549. fundi stjórnar SSH, hinn 9. janúar 2023, voru verkefni Samgöngusáttmálans til umræðu og eftirfarandi meðal þess sem bókað var í fundargerð:

***Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010***

*Fyrirliggjandi er sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og framgang verkefna, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans.*

*Davíð Þorláksson, framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf., kynnir skýrsluna ásamt Presti Guðmundssyni forstöðumanni verkefna og áætlana hjá Betri samgöngum ohf. og Þorsteini R. Hermannssyni forstöðumanni þróunar hjá Betri samgöngum ohf., kynna framangreint ásamt fyrirhuguðu útbóði vegna framkvæmda við Arnarnesveg.*

***Niðurstaða fundar:***

*Sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf. lögð fram og er skrifstofu SSH falið að senda hana aðildarsveitarfélögunum til kynningar. Jafnframt fari sérstök kynning af hálfu Betri samgangna ohf. á efni skýrslunnar fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska.*

Tilkynnist ofangreint hér með.

Virðingarfyllst,  
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

**Meðfylgjandi:**

Betri samgöngur: Staða og framgangur verkefna, desember 2022.